



Dagsetning: 22.03.2019
Málsnúmer: 1808159/8.6

Til bæjarráðs

Minnisblað vegna reglna um afnot utan opnunartíma í Íþróttamiðstöðinni í Breiðdal

Frá desember 2012 hafa verið í gildi reglur um afnot utan hefðbundins opnunartíma í Íþróttamiðstöðinni í Breiðdal. Reglurnar eru í stuttu máli þannig að einstaklingar 18 ára og eldri geta gert svokalla „lyklasmninga“. Hafa handhafar lyklna því leyfi til að fara inn í íþróttamiðstöðina utan opnunartíma.

Þar sem Fjarðabyggð hefur nú tekið yfir rekstur líkamsræktarstöðvarinnar í Breiðdal, vegna sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar, telur íþrótt- og tómstundafulltrúi og forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar í Breiðdal mikilvægt að endurskoða eldri reglur en þær eru ekki nógu skýrar hvað varðar ábyrgð og umgengni. Bæjarráð tók fyrir tillögu að nýjum reglum á fundi sínum 9. nóvember og vísaði aftur til umræðu í íþrótt- og tómstundaneftnd. Íþrótt- og tómstundaneftnd hefur gert tvær meginbreytingar á reglunum síðan:

1. Í reglunum og samningnum er nú ítrekað að ekki sé heimilt að nota heita pottinn við íþróttamiðstöðina í Breiðdal utan hefðbundins opnunartíma. En í „Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum“ segir meðal annars í 5. kafla er fjallar um öryggi á sund- og baðstöðum: „Sund- og baðstaðir skulu hafa laugargæslu. Á sund- og baðstöðum skal ávallt vera laugargæsla meðan gestir eru í laug“. Reglurnar um þetta eru því afgerandi, það er ekki leyfilegt að fara í laugar á sundstöðum ef engin er laugargæslan. Uppfærðu reglurnar taka af allan vafa og ítreka að það sé ekki leyfilegt að nota heita pottinn utan hefðbundins opnunartíma.
2. Samningur notenda er orðin mun ítarlegri meðal annars til að taka af allan vafa um að notendur átti sig á því að þeir séu þar á sinni ábyrgð, ætli að fylgja reglum, hafi heilsu til nota búnað Íþróttamiðstöðvarinnar, séu kunnugir staðhátum og viti því hvað beri að varast, séu upplýst því að í kerfinu sé vaktað myndavélakerfi, þeim sé óheimilt að hleypa öðrum gestum inn í íþróttamiðstöðina og skuldbindi sig að ganga vel frá eftir sig.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi telur mikilvægt að samþykkja nýju reglurnar og samninginn en slíkt geti lágmarkað skaðabótaskyldu sem sveitarfélagið gæti skapað sér. Hinn möguleikinn væri að hætta alfarið með þetta fyrirkomulag sem búið er að vera við líði undanfarin sex ár, og auka í staðinn hefðbundinn opnunartíma almennings t.d. með morgunopnun 2-3 morgna í viku, laugardagsopnun sem og seinni parts opnun fjóra daga vikunnar.


Bjarki Hannes Ólafsson
Íþrótt- og tómstundafulltrúi